

**57. fundur Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði,
þriðjudaginn 14. desember 2010 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Anna Kristín Hjálmarsdóttir (AKH), Krístrún Guðjónsdóttir (KG), Aðalsteinn Magnússon (AM), Eygló Hreiðarsdóttir (EH), Trausti Þór Sverrisson, Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG), Ragnar Anthony Gambrell (RAG),

Fundargerð ritaði: Birna Benediktsdóttir ,

Dagskrá:

- 1. 1010086 - Samband íslenskra sveitarfélaga staða í viðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneytið**
Guðlaug lagði til að hún, Trausti og Eyrún verði falið að fylgjast með þessum viðræðum og var það samþykkt samhljóða.
- 2. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra**
Trausti sagði frá því að Orri Páll Jóhannsson hefði komið frá Landvernd og færði skólanum grænfána til næstu 2ja ára. Umræða skapaðist um lesblindu og úrræði hvað hana varðar. Skólahald gengur annars almennt vel. Danskennsla verður skoðuð strax eftir áramót. Annars voru umræður fundarmanna fjölbreyttar og skemmtilegar og vörðuðu skólann almennt.
- 3. 1001015 - Önnur mál**
Haldið var áfram að vinna með drög að skólastefnu Grunnskóla Tálknafjarðar frá fyrri fundi. Margar hugmyndir komu fram hjá fundarmönnum sem átti vel inni í drögum að stefnu Tálknafjarðarhrepps í skólamálu og aðrar sem sköpuðu fjörugar umræðu nefndarmanna. Skólastefna Tálknafjarðarhrepps er stefna sveitafélagsins í skólamálu sem skólinn tekur síðan í sínar hendur og vinnur eftir henni. Skólastefna Tálknafjarðarhrepps verður lögð fyrir næsta fund nefndarinnar til samþykkis.
- 4. 1011058 - Háskólinn á Akureyri. Niðurstöður rannsóknarinnar heilsa og lífskjör skólanema.**
Lagt fram til kynningar.
- 5. 1011042 - Menntamálaráðuneytið. Upplýsingar um dagsetn. samræmdra prófa. 02.11.2010**
Lagt fram til kynningar.

6. 1010077 - Samband íslenskra sveitarfélaga. skólabragur.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:20

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____